

113

18. sept.

REGLUGERÐ

um notkun skólahúsa og samkomuhald í skólum.

1. gr.

Umráð og umsjón með skólahúsum er í kaupstöðum í höndum bæjarstjórna (fræðsluráða) og utan kaupstaða í höndum skólanefnda. Þó skulu skólastjórar hafa umráð yfir skólahúsnæði vegna skólahalds og samkomuhalds kennara og nemenda skólans. Eigi er heimilt að lána eða leigja aðilum utan skólans húsnæði, nema fylgt sé eftirfarandi reglum.

2. gr.

Með orðinu skólahúsnæði er í reglugerð þessari bæði átt við húsnæði, sem er eign skólans og húsnæði, sem einvörðungu hefur verið tekið á leigu til skólahaldsins.

3. gr.

Heimilt er skólanemendum og kennurum að halda fundi og aðrar samkomur í húsakynnum skólans, sbr. 1. gr.

4. gr.

Skólastjóri getur leyft, að gestum nemenda og kennara sé boðið á samkomur, sem haldnar eru á skólans vegum. Eigi má auglýsa samkomur skólanemenda, nema samþykki skólastjóra komi til.

5. gr.

Skólaskemmtanir skulu haldnar þannig, að sem minnstri truflun valdi í störfum skólans.

6. gr.

Skólastjórar og kennarar, sem þeir kveðja til, skulu hafa umsjón og eftirlit með fundum og skemmtunum nemenda.

7. gr.

Ef skólanefnd eða bæjarstjórn (fræðsluráð) telur þörf á, að skólahúsnæði sé notað til annars en skólahalds, fundahalda og samkomuhalds þess, sem gert er ráð fyrir í reglugerð þessari, skal hafa samráð við skólastjóra um, hvort slík afnot skuli leyfa. Skal þess einkum gætt að leyfa eigi samkomuhald, sem á einn eða annan hátt veldur truflun í starfi skólans eða raskar ró og spillir heilbrigðis- og hollustuháttum heimavistarnemenda og í skólahúsnæðinu yfirleitt. Greini þá aðila á, sker fræðslumálastjóri úr.

8. gr.

Skólanefndir eða bæjarstjórnir (fræðsluráð) geta þó án samþykkis fræðslumálastjóra heimilað afnot skólahúsnæðis til fyrirlestrahalds, listkynningar, skátafunda, söngæfinga, íþróttaiðkana, kirkjustarfsemi og annarrar hliðstæðrar menningarstarfsemi utanskólafólks, enda trufla slík afnot skólahúsnæðis eigi eðlileg störf viðkomandi skóla að dómi skólastjóra.

9. gr.

Eigi má hafa áfengi um hönd í skólahúsnæði. Sé um brot að ræða gegn þessu ákvæði, má eigi leyfa þeim aðilum, er að þeim fundi eða skemmtun stóðu, að halda samkomur á ný í skólanum, nema samþykki fræðslumálastjóra komi til.

10. gr.

Skólanefndir og bæjarstjórnir (fræðsluráð) annast eftirlit með því, að framan- greindum reglum verði fylgt. Heimilt er skólanefnd eða bæjarstjórn (fræðsluráði) að fela skólastjóra eða öðrum, er hann samþykkir, að annast það.

113

18. sept.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 18. september 1958.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius

Stjórnartíðindi 1958, B. 8.

REGLUGERÐ

114

19. ágúst

um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

1. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir félags- málaráðuneytið. Húsnæðismálastjórn veiti húsnæðismálastofnunni forstöðu, saman- ber 1. gr. laga nr. 42/1957 og 14. gr. þessarar reglugerðar.

2. gr.

Verkefni Húsnæðismálastofnunar ríkisins er að beita sér fyrir og vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði, hafa á hendi stjórn Byggingarsjóðs ríkisins og yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygg- inga í landinu.

3. gr.

Stofnunin skal gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabygg- ingar á hverjum tíma eftir því sem við verður komið og gera tillögur og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með minnstum tilkostnaði.

4. gr.

Stofnunin skal gangast fyrir tæknirannsóknunum, tilraunum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, svo og sýningum, námskeiðum, útgáfu rita, heimsóknunum erlendra sérfræðinga og náms- og kynnisferðum íslenzkra byggingarmanna til útlanda.

5. gr.

Stofnunin skal koma á fót og annast leiðbeiningastarf í því skyni að lækka bygg- ingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við bygg- ingu íbúðarhúsa, leggja áherzlu á stöðlun (standariseringu) sem flestra hluta til íbúðarhúsabygginga, fjöldaframleiðslu slíkra hluta og leiðbeiningar til húsbyggjenda um notkun þeirra, enn fremur byggingu tilraunahúsa, þar sem reyndar verði nýjungar í húsagerð.

6. gr.

Stofnunin skal beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykta, eftir því sem þörf krefur. Hún skal semja og gefa út reglur um lágmarkskröfur um byggingar,